



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur 30. ágúst 2019

Ákvörðun nr. 29/2019

Samruni Haga hf. og Reykjavíkur Apóteks ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi, dags. 8. maí 2019, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Haga hf. (hér eftir Hagar) á 90% eignarhlut í Reykjavíkur Apóteki ehf. (hér eftir Reykjavíkur Apótek). Tilkynningin var send á grundvelli 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Meðfylgjandi tilkynningunni var samrunaskrá með upplýsingum um samrunann, í samræmi við 4. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka I við þær.

Í samrunaskrá kemur fram að Hagar kaupi 90% hlut í Reykjavíkur Apóteki. Að mati Samkeppniseftirlitsins felur framangreindur gerningur í sér samruna sem er tilkynningarskyldur í skilningi 17. gr. a. samkeppnislaga. Með bréfi, dags. 28. maí 2019, tilkynnti Samkeppniseftirlitið um að samrunatilkynning væri fullnægjandi. Þann 1. júlí sl. tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum um að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga.

Við meðferð málsins hefur Samkeppniseftirlitið óskað gagna og upplýsinga frá samrunaaðilum. Þá hefur Samkeppniseftirlitið einnig leitað umsagna og átt samskipti við aðila sem kunna að verða fyrir áhrifum af samrunanum. Verður vísað til þessara upplýsinga við úrlausn málsins eftir því sem ástæða þykir til.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr.



samkeppnislaga í hverju samruni getur falist. Í b. lið 1. mgr. er sagt að þetta geti gerst þegar fyrirtæki tekur yfir annað fyrirtæki. Samkvæmt samrunaskrá er ekki um að ræða samruna í félagaréttarlegum skilningi og mun Reykjavíkur Apótek, a.m.k. fyrst um sinn vera rekið á sama hátt og verið hefur.

1. Samrunaaðilar

Í samrunaskrá segir að samkvæmt samþykktum Haga sé tilgangur félagsins verslunarrekstur, eignaumsýsla, rekstur fasteigna, fjárfestingar í félögum með skylda starfsemi, lánastarfsemi, kaup og sala eigna og annar skyldur rekstur. Hagar er félag skráð í kauphöll og því er eignarhald nokkuð dreift. Stærsti einstaki hluthafi er Gildi-Lífeyrissjóður, þá Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild, Samherji hf., Lífeyrissjóður verslunarmanna og Birta Lífeyrissjóður. Aðrir stórir hluthafar fara með minna en 5% eignarhlut í Högum.

Svo sem fram kemur í samrunaskrá fara Hagar, á matvörumarkaði, með yferráð yfir félaginu Hagar verslanir ehf. sem m.a. reka Bónus og Hagkaup, sem starfa í smásölu á dagvörum. Þá reki Hagar vöru- og dreifingarfyrirtækið Aðföng. Olís, dótturfélag Haga, selji nýlenduvörur á bensínstöðvumarkaði og fari með yferráð yfir Rekstrarlandi, sem selji m.a. heilbrigðisvörur.

Þá segir í samrunaskrá að samkvæmt samþykktum Reykjavíkur Apóteks sé tilgangur félagsins apóteksrekstur, eignarhald í öðrum félögum, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyld starfsemi. Reykjavíkur Apótek sé í jafnri eigu Guðmundar Reykjalin, Margrétar Birgisdóttur, Hjördísar Ásberg og Ólafs G. Adolfssonar, en Ólafur muni að samruna loknum eiga 10% í Reykjavíkur Apóteki.

Enn fremur er gerð grein fyrir því í samrunaskrá að Reykjavíkur Apótek og Apótek Vesturlands séu, fyrir kaup Haga á hinu fyrrnefnda, í eigu sömu aðila að undanskilinni Margréti Birgisdóttur. Eftir samrunann muni eignarhald Apóteks Vesturlands verða óbreytt, þannig að Ólafur verði áfram einn eigenda þess félags með 33,3% eignarhlut á móti jöfnum hlutum Guðmundar Reykjalin og Hjördísar Ásberg.

2. Markaðir málsins

Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar starfi aðallega á aðskildum mörkuðum, fyrir dagvörur annars vegar og fyrir lyf hins vegar. Því sé um svokallaðan samsteypusamruna að ræða. Þó er gerð grein fyrir því í samrunaskrá að um láréttan samruna sé að ræða að hluta til, þar sem bæði Hagar og Reykjavíkur Apótek starfi á undirmörkuðum fyrir snyrti- og hreinlætisvörur annars vegar og fyrir heilsuvörur hins vegar. Þá starfi dótturfélag Haga, Olís, á mörkuðum fyrir sölu heilbrigðis- og hjúkrunarvara til fyrirtækja, á meðan Reykjavíkur Apótek selji slíkar vörur í smásölu.

Svo sem segir í samrunaskrá telja Hagar meginstarfsemi sína vera á sviði dagvöru, en innan þess eru verslunarkeðjurnar Bónus og Hagkaup, svo og stoðstarfsemi á sviði innkaupa og dreifingar. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015, *Efla þarf samkeppni á dagvörumarkaði*, sé hugtakið dagvöruverslun notað um: „Verslun sem selur dagvörur, þ.e. vörur sem tengjast daglegum neysluþörfum fólks, mat- og drykkjarvörur, hreinlætis- og snyrtivörur og óvaranlegar heimilisvörur (aðallega hreingerningarvörur). Notað sem samheiti fyrir verslanakeðjur og einstaka matvöruverslanir.“ Í ákvörðun



Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008, *Misnotkun Haga hf. á markaðsráðandi stöðu sinni á matvörumarkaði*, hafi Samkeppniseftirlitið skilgreint markað fyrir „sölu á dagvörum í matvöruverslunum“.

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um lyfjamarkaðinn í fyrri ákvörðunum sínum, m.a. í samrunaákvörðun nr. 28/2006, ákvörðun nr. 4/2010 og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 28/2018, *Kaup Lyfja og heilsu hf. á Opnu ehf.* Í þessum ákvörðunum var markaðurinn fyrir smásölu lyfja skilgreindur sem sérstakur markaður. Jafnframt var fjallað um lyfjamarkaðinn og helstu aðgangshindranir að honum í skýrslum Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2008, *Öflug uppbygging – Opnun markaða og efling atvinnustarfsemi*, og nr. 2/2011, *Samkeppnin eftir hrun*.

Í samrunaskrá er gerð grein fyrir því að áhrifa samrunans gæti einkum á markaði fyrir hreinlætis- og snyrtivörur, markaði fyrir heilsuvörur, markaði fyrir innflutning og heildsölu heilbrigðis-/hjúkrunarvara og markaði fyrir hjúkrunarvörur.

Umfjöllun um markað fyrir hreinlætis- og snyrtivörur er að finna í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.*, en þar var talið rétt að skipta smásölu á hreinlætis- og snyrtivörum í tvo vöru- eða þjónustumarkaði, annars vegar markað fyrir smásölu á almennum hreinlætis- og snyrtivörum og hins vegar markað fyrir smásölu á „sér“ hreinlætis- og snyrtivörum.

Um markað fyrir heilsuvörur má einnig vísa til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, en þar var markaði fyrir heilsuvörur skipt í heildarmarkað fyrir smásölu vítamína, steinefna og bætiefna, heildarmarkað fyrir smásölu á lífrænni mat- og drykkjarvöru og heildarmarkað fyrir smásölu á mat- og drykkjarvöru sem flokkast sem heilsuvara. Auk þess má vísa til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 29/2017, *Kaup Artasan ehf. (Veritas Capital ehf.) á rekstri IceCare ehf.*, þar sem heildsölumarkaðnum fyrir heilsuvörur var skipt nánar eftir virkni bætiefna.

Um vörumarkaðinn fyrir heilbrigðisvörur hefur t.a.m. verið fjallað í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2012, *Samruni Veritas Capital hf., Fastusar ehf. og Aðalkots ehf.*, þar var m.a. markaður fyrir sölu (og tengda þjónustu) á breiðu úrvali hjúkrunartækja, skilgreindur sem sérmarkaður. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 18/2019, *Samruni Fastus ehf. og HealthCo ehf.*, var markaður fyrir hjúkrunarvörur skilgreindur sem ýmsar vörur sem notaðar eru við hjúkrun sjúklinga, s.s. þvagleggir, hanskar, yfir- og undirbreiðslur, bleiur, sprautur, nálar, gífsvörur, sárabindi, o.fl.

Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið ekki þörf á því að fjalla nánar um skilgreiningu vöru-/þjónustumarkaða málsins og að nægilegt sé að styðjast við framangreindar skilgreiningar fyrri mála. Að sama skapi telur Samkeppniseftirlitið mál þetta ekki gefa ástæðu til þess að víkja frá fyrri skilgreiningum Samkeppniseftirlitsins á landfræðilegum mörkuðum hvers og eins ofantalins vöru- og þjónustumarkaðar, eins og þeir hafa verið skilgreindir, m.a. í framantöldum ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins.

3. Staða samrunaaðila á mörkuðum málsins

Um áætlaða heildarstærð og markaðshlutdeild samrunaaðila á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir, upplýsa samrunaaðilar í samrunatilkynningu um að þeir telji áhrifa



samrunans einungis gæta á mörkuðum fyrir hreinlætis- og snyrtivörur, heilsuvörur og heilbrigðis- og hjúkrunarvörur. Þó er rétt í ljósi aðstæðna þessa máls að víkja einnig að stöðu samrunaaðila á mörkuðum fyrir lyfsölu og dagvörur.

Lyfjamarkaður

Í samrunaskrá vísa samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 þar sem fram kemur að heildarvelta á lyfjamarkaði á landinu öllu hafi numið 20-25 milljörðum kr. árið 2016 og heildarvelta á höfuðborgarsvæðinu á sama tíma numið 14-16 milljörðum kr. Á markaði fyrir smásölu lyfja á Íslandi hafi Lyfja verið með 30-35% hlutdeild árið 2016, Lyf og heilsa með 25-30% hlutdeild sama ár og LSH-lyfjasvið með 10-15% hlutdeild. Lyfjaver hafi komið þar næst á eftir með 5-10% hlutdeild. Á markaði fyrir smásölu lyfja á höfuðborgarsvæðinu hafi Lyfja verið með 20-25% hlutdeild árið 2016, Lyf og heilsa með 20-25% hlutdeild sama ár, LSH-lyfjasvið með 10-15% hlutdeild og Lyfjaver með 10-15% hlutdeild.

Samkvæmt samrunaaðilum hafa þeir ekki upplýsingar um hlutdeild aðila á árunum 2017 og 2018, en bentu á hlutdeildartölur á höfuðborgarsvæðinu að því marki sem þær birtast í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2018.

Þá bentu samrunaaðilar á að Hagar hafi ekki starfað á lyfjamarkaði og því hafi samruninn enga aukningu á hlutdeild í för með sér á þeim markaði.

Um hlutdeild Reykjavíkur Apóteks, vísa samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 en þar var sameiginleg hlutdeild Reykjavíkur Apóteks og Apóteks Vesturlands metin 0-5% á Íslandi. Í sömu ákvörðun var hlutdeild Reykjavíkur Apóteks á höfuðborgarsvæðinu meðtalin með öðrum apótekum, með samtals 10-15% hlutdeild. Miðað við veltu Reykjavíkur Apóteks leggja samrunaaðilar út að hlutdeild Reykjavíkur Apóteks sé innan við 1% á landsvísu en á bilinu 1-1,5% á höfuðborgarsvæðinu.

Dagvörumarkaður

Samrunaaðilar vísa til þess að samkvæmt rannsókn Samkeppniseftirlitsins vegna samruna Haga og Olís sbr. ákvörðun nr. 9/2019 hafi heildarvelta dagvöruverslunar á landinu öllu verið á milli 130-140 milljarðar kr. árið 2016. Þá bentu samrunaaðilar á að samkvæmt upplýsingum á vef Rannsóknarseturs verslunarinnar, www.rsv.is, var heildarvelta í flokknum „dagvara og stórmarkaðir“ rúmlega 211 milljarðar kr. árið 2017, ef tekin væri með sérvara og tollfrjáls verslun, þ.e. aðallega fríhafnarverslun. Heildarvelta svokallaðs „lægra þreps“ sem inniheldur aðallega matvöru, nam á sama tíma rúmlega 157 milljörðum kr. árið 2017. Samrunaaðilar benda á að þeir hafi ekki yfir að ráða gögnum er varpa ljósi á heildarveltu á dagvörumarkaði árið 2018.

Samrunaaðilar benda á að Reykjavíkur Apótek hefur ekki starfað á dagvörumarkaði samkvæmt þeirri skilgreiningu sem samkeppnisyfirvöld hafa lagt til grundvallar.

Varðandi hlutdeild Haga á dagvörumarkaði vísa samrunaaðilar til þess að í ákvörðun nr. 9/2019 komi fram að á árinu 2017 hafi hlutdeild Haga á landinu öllu numið á bilinu 35-50%, eftir mánuðum en á höfuðborgarsvæðinu hafi hlutdeildin numið 40-55% á sama tíma, samkvæmt rannsókn Samkeppniseftirlitsins.



Hreinlætis- og snyrtivörumarkaður

Samrunaaðilar benda á að þeir hafi ekki upplýsingar um hlutdeildartölur á snyrtivörumarkaði, en samkvæmt rannsókn Samkeppniseftirlitsins sem lá til grundvallar ákvörðunar nr. 28/2017 var „Hagkaup – Hagar“ með 40-45% hlutdeild á markaði fyrir „sér“ hreinlætis- og snyrtivörur, „Mac í Hagkaup“ með 0-5% hlutdeild og Debenhams, sem nú hefur lokað, með 5-10% hlutdeild. Á almennum hreinlætis- og snyrtivörumarkaði var „Hagkaup – Hagar“ metin með 20-25% hlutdeild, „Bónus – Hagar“ með 15-20% hlutdeild. Þá benda samrunaaðilar á að Reykjavíkur Apótek, ásamt öðrum minni apótekum, voru saman með markaðshlutdeild á „sér“ hreinlætis- og snyrtivörumarkaði sem var metin innan við 5% þetta sama ár. Miðað við veltutölur Reykjavíkur Apóteks leiða samrunaaðilar líkum að því að velta apóteksins sé innan við 1%. Á markaði fyrir almennar hreinlætis- og snyrtivörur var hlutdeild Reykjavíkur Apóteks ásamt öðrum minni apótekum samtals 5-10%. Miðað við veltutölur Reykjavíkur Apóteks telja samrunaaðilar þó að velta apóteksins sé innan við 1%.

Markaður fyrir heilsuvörur

Samkvæmt samrunaskrá selur Reykjavíkur Apótek ýmiss konar heilsuvörur, þ.m.t. vítamín, steinefni, mat og drykk, í smásölu. Reykjavíkur Apótek selji hins vegar ekki lífræna mat- og drykkjarvöru. Þá segir að verslanir Haga selji alla matvöru, þ.á m. heilsuvörur og einnig vítamín, steinefni og bætiefni.

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 var mörkuðum fyrir heilsuvörur skipt í heildarmarkað fyrir smásölu vítamína, steinefna og bætiefna, heildarmarkað fyrir smásölu á lífrænni mat- og drykkjarvöru og heildarmarkað fyrir smásölu á mat- og drykkjarvöru sem flokkast sem heilsuvara. Samrunaaðilar töldu ekki ástæðu til að fjalla nánar um markaðsskilgreiningu að þessu leyti, sökum mjög lágrar hlutdeildar Reykjavíkur Apóteks á markaðnum.

Samrunaaðilar bentu í samrunaskrá á að samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017 nam heildarvelta á mörkuðum fyrir heilsuvörur á bilinu 9,5-11 milljörðum kr. árið 2016. Að öðru leyti kváðust samrunaaðilar ekki hafa upplýsingar um veltu á heilsuvörumarkaði né upplýsingar um hlutdeild aðila á heildarmarkaði fyrir heilsuvörur.

Samkvæmt samrunaskrá var hlutdeild samrunaaðila á undirmarkaði fyrirtækja í smásölu á vítamínum, steinefnum og bætiefnum á Íslandi árið 2016 eftirfarandi: Hlutdeild Hagkaups 5-10%, Bónuss 10-15%, Lyfju – Apóteksins 15-20%, Lyfja og heilsu – Apótekarans 15-20%, Heilsuhússins 5-10%, Festar 10-15%, Samkaupa 5-10% og annarra innan við 5%, samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017.

Samkvæmt samrunaskrá var hlutdeild samrunaaðila á undirmarkaði fyrir heilsuvörur – mat og drykk á Íslandi árið 2016 eftirfarandi: Hagkaup 10-15%, Bónus 20-25%, Festi 15-20, 10-11/Iceland 15-20% Víðir 10-15% og aðrir aðilar með innan við 5% hlutdeild, m.a. Samkaup. Hagar telja þó að Samkaup hafi sótt í sig veðrið á þessum markaði. Samrunaaðilar kváðust hins vegar ekki hafa sams konar upplýsingar um hlutdeildartölur síðastliðin tvö ár.

Markaður fyrir heilbrigðis- og hjúkrunarvörur



Sem apótek, selur Reykjavíkur Apótek heilbrigðis- og hjúkrunarvörur í verslun sinni. Samkvæmt samrunaskrá eiga samrunaaðilar þar við sprautur, fullorðinsbleiur, sárabindi, sjúkraþjálfunarvörur, vörur fyrir sykursjúka o.s.frv. Að mati samrunaaðila var þó ekki þörf á nánari umfjöllun um hugsanlegan undirmarkað fyrir hjúkrunarvörur enda væri velta Reykjavíkur Apóteks takmörkuð og engin skörun væri í viðskiptum milli aðila. Þá kváðust samrunaaðilar ekki hafa upplýsingar um veltu á mögulegum undirmarkaði fyrir hjúkrunarvörur, né upplýsingar um veltu innflutnings og heilidsölu á heilbrigðis- og hjúkrunarvörum.

Af ofangreindri ástæðu töldu samrunaaðilar, skv. samrunaskrá, sig ekki hafa upplýsingar um markaðshlutdeild Haga í innflutningi og heilidsölu á heilbrigðis- og hjúkrunarvörum. Til viðmiðunar vísuðu samrunaaðilar til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2012, en þar kom fram að heildartekjur fyrirtækja sem bjóða „breitt vöruúrval af hjúkrunarvörum á Íslandi“ námu 4,7 milljörðum kr. á tímabilinu frá 2010-2011. Samkvæmt samrunaskrá er Rekstrarland með takmarkað úrval af hjúkrunarvörum, og þó fyrirtækið geti ef til vill ekki talist bjóða breitt vöruúrval af slíkum vörum, sýni veltutölur Rekstrarlands að Hagar séu ekki umfangsmikill aðili á umræddum markaði.

4. Umsagnir keppinauta

Samkeppniseftirlitið leitaði umsagna aðila sem kunna að verða fyrir áhrifum af samruna Haga og Reykjavíkur Apóteks. Var þar bæði um að ræða helstu keppinauta Haga, sem og helstu keppinauta Reykjavíkur Apóteks. Var m.a. óskað eftir afstöðu til samrunans, m.t.t. áhrifa hans á þeim mörkuðum sem tilgreindir voru í samrunaskrá. Hér að neðan er gerð grein fyrir þeim fjórum helstu umsögnum sem höfðu efnislegt mikilvægi út frá samkeppnisréttarlegum sjónarmiðum.¹

Keppinautur 1 taldi aðgang Haga að sterkum staðsetningum í gegnum þéttriðið verslananet þeirra og dótturfélaga myndi gera þeim kleift að fjölga afgreiðslustöðum Reykjavíkur Apóteks hratt. Keppinautur 1 taldi varhugavert að Hagar gætu í krafti stærðar sinnar og fjárhagslegs styrkleika náð sterkum tókum á lyfsölumarkaði á kostnað smærri sjálfstæðra apóteka enda teldi hann að tangarhald Haga á birgjum gæti einnig átt við um lyfsölubirgja þegar fram í sækir. Ennfremur taldi Keppinautur 1 að áhrifa myndi gæta á markaði með snyrtivörur, barnavörur og ýmsar aðra vörur tengdri lýðheilsu sem apótek sérhæfa sig í.

Keppinautur 2 setti fram þá skoðun sína, að Hagar væru orðnir ríkjandi í sölu á snyrtivörum.

Keppinautur 3 taldi líklegt að samruninn myndi hafa skaðleg áhrif vegna þess að Hagar eigi víðtækan húsakost sem gæti verið samnýttur fyrir lyfjabúðir, og þannig skapað Högum fljótt sterka stöðu með innkomu sinni á markað fyrir lyfjabúðir. Með samnýtingu húsnæðis gætu Hagar beint viðskiptavinum verslana Haga í dagvöru að lyfjakaupum. Ætti þetta við hvort sem lyfjabúðir yrðu beinlínis staðsettar inni í verslunum Haga eða inni í sama húsnæði, líkt og t.d. í Hagkaup Skeifunni, eða í húsnæði við hlið verslana Haga. Af þeirri ástæðu að Hagar væru í dag leigusali lyfjabúða, taldi keppinautur 3 nauðsynlegt að sett yrðu skilyrði fyrir samrunanum sem meina myndu Högum að hygla eigin lyfjabúðum

¹ Viðkomandi umsagnaraðilar óskuðu eftir nafnleynd.



á kostnað keppnauta í húsnæðismálum. Var m.a. getið þess möguleika að hygðust Hagar setja upp lyfjabúð í eigin húsnæði bæri félaginu að bjóða húsnæðið út til samkeppnisaðila. Þá yrði að fara með öll viðskipti milli smásöluverslunar Haga annars vegar og lyfsölu hins vegar eins og milli ótengdra aðila. Þá yrði að banna alla samtvinnun í slíkri sölu.

Keppinatur 4 lýsti fyrst og fremst yfir áhyggjum af dagvörumarkaðnum, fremur en lyfjamörkuðum. Á dagvörumarkaði taldi keppinatur 4 að sú markaðshlutdeild sem Reykjavíkur Apótek hefði á þeim markaði myndi styrkja markaðsráðandi stöðu Haga.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir viðbrögðum Haga við þeim sjónarmiðum sem sett voru fram af hálfu umræddra keppnauta. Svör Haga voru á eftirfarandi veg:

Varðandi umsagnir keppnauta 1 og 3, töldu Hagar að markaðsráðandi staða yrði ekki til, né myndi hún styrkjast ef hún væri fyrir hendi. Hagar töldu hins vegar að samruninn væri til þess fallinn að brjóta upp það mynstur sem verið hefur á markaði fyrir smásölu lyfja. Með samrunanaum myndu skapast skilyrði fyrir nýjan aðila til að hefja innreið á lyfjamarkað í samkeppni við lyfjakeðjurnar og Costco. Þá bentu Hagar á að aðeins væri um tvær staðsetningar að ræða þar sem Hagar framleigðu húsnæði til lyfjaverslana []². Hagar mótmæla því að fyrirtækið muni hafa „tangarhald“ á lyfsölubirgjum þegar fram í sækir. Þó Hagar njóti ákveðinnar stærðarhagkvæmni - sem endurspeglar þó alls ekki í þeirri stöðu sem Keppinatur 1 lýsi - þá hafi Reykjavíkur Apótek afar lága hlutdeild á lyfjamarkaði og reki einungis eina verslun. Innkoma Haga á lyfjamarkað, með kaupum á Reykjavíkur Apóteki, geti því ekki haft neikvæð samkeppnisleg áhrif að þessu leyti. Um stöðu samrunaaðila í kjölfar samruna, gagnvart birgjum, halda Hagar því fram að aukin hagræðing í innkaupum hafi ekki skaðleg samkeppnisleg áhrif. Um áhrif á markaði með snyrtivörur, barnavörur og aðrar vörur tengdar lýðheilsu, tóku Hagar fram að lítil velta Reykjavíkur Apóteks í slíkum vöruflokkum myndi ekki megna að hafa áhrif á stöðu Haga. Varðandi umsagnir keppnauta 2 og 4, tóku Hagar fram að sala Reykjavíkur Apóteks á snyrtivörum og heilsuvörum væri það lítil að ekki geti talist að hún hefði áhrif á stöðu Haga á mörkuðum.

5. Staða samrunaaðila gagnvart Apóteki Vesturlands

Við rannsókn málsins hefur komið í ljós að Ólafur Adolfsson mun gegna stöðu framkvæmdastjóra Reykjavíkur Apóteks[

] ³. Samkvæmt samrunaskrá, sem og því sem að framan er getið, mun Ólafur Adolfsson fara með 10% eignarhlut í Reykjavíkur Apóteki að samruna loknum, ásamt því að fara með 33,33% eignarhlut í Apóteki Vesturlands. Slík eignatengsl á milli fyrirtækja geta valdið vandamálum út frá sjónarmiðum í samkeppnisrétti, sbr. t.d. umfjöllun í kafla IV.18 í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 9/2019, *Samruni Haga hf., Olíuverzlunar Íslands hf. og DGV ehf.*

Með vísan til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins um landfræðilega markaði lyfjaverslana, t.a.m. ákvörðunar nr. 28/2018, eru Reykjavíkur Apótek og Apótek

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.



Vesturlands ekki starfrækt á sama landfræðilega markaðnum. Af þeim sökum og vegna takmarkaðrar hlutdeildar Reykjavíkur Apóteks á mörkuðum málsins eru núverandi áhrif þessara eignatengsla á samkeppni hverfandi. Þó er ljóst að hyggist Hagar opna lyfjaverslanir utan starfssvæðis Reykjavíkur Apóteks kunna framangreind eignatengsl að skapa samkeppnisleg vandamál.

Hagar hafa upplýst Samkeppniseftirlitið um að áform fyrirtækisins að samruna loknum muni [

]⁴

Ástæða er til að geta þess að Samkeppniseftirlitið hefur gert samrunaaðilum viðvart um að upp geta komið álitamál er heyra kunna undir bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga undir kringumstæðum þeim sem hér að framan er lýst. Þá er einnig rétt að geta þess að við rannsókn þessa máls hefur komið í ljós að Hagar eru eigandi húsnæðis þess er Apótek Vesturlands leigir undir starfsemi sína. Samkeppniseftirlitið gerir því ljóst að niðurstaða Samkeppniseftirlitsins í samrunamáli þessu, hefur ekki áhrif á hugsanlega athugun á grundvelli 10. gr. samkeppnislaga vegna aðstæðna sem upp gætu komið vegna framanritaðs.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Ljóst er að meginstarfsemi samrunaaðila fer ekki fram á sama markaði enda störfuðu Hagar ekki á lyfsölumarkaði fyrir samrunann. Báðir samrunaaðilar keppa þó í sölu tiltekinna vöruflokka og ákveðin lóðrétt tengsl eru möguleg á milli samrunaaðila. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru þessi áhrif samrunans minniháttar og réttlæta ekki íhlutun vegna hans. Ljóst er að hlutdeild Reykjavíkur Apóteks í sölu á hreinlætis- og snyrtivörum og heilsuvörum er hverfandi en samanlögð sala fyrirtækisins í þessum vöruflokkum nam

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.



aðeins []⁵ árið 2018 skv. samrunaskrá. Auk þess er lóðrétt skörun á milli Rekstrarlands, sem selur m.a. hjúkrunarvörur og tilheyrir samstæðu Haga, og hins yfirtekna félags hverfandi og hafa fyrirtækin ekki átt viðskipti sín á milli til þessa skv. samrunaskrá. Loks liggur fyrir að tvær stórar lyfsölukeðjur sem njóta töluverðs markaðsstyrks eru starfandi á markaði fyrir smásölu lyfja, þ.e. Lyfja hf. og Lyf og heilsa hf. Í ljósi framangreinds er það mat Samkeppniseftirlitsins að kaup Haga á Reykjavíkur Apóteki, sem rekur aðeins eina lyfjaverslun og hefur takmarkaðan markaðsstyrk á markaði sem Hagar starfa ekki á, hafi ekki slík áhrif á þá markaði málsins sem fjallað hefur verið um í ákvörðun þessari, að íhlutun af hálfu Samkeppniseftirlitsins sé réttlæt看leg.

Þá telur Samkeppniseftirlitið ekki forsendur til þess að grípa til íhlutunar vegna þeirra eignatengsla sem myndast vegna samrunans á milli Haga og Apóteks Vesturlands, sbr. umfjöllun í kafla II.5 hér að framan. Eftir sem áður ítrekar Samkeppniseftirlitið það sem áður segir um ábyrgð fyrirtækja að tryggja að starfsemi þeirri sé í samræmi við kröfur bannreglu 10. gr. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið telur enn fremur að eins og málum er háttað séu ekki forsendur til að grípa til íhlutunar vegna samninga þar sem Hagar framleigja húsnæði til lyfjaverslanna. Aðeins er um tvær staðsetningar að ræða []⁶.

Að gögnum málsins virtum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að samruni Haga og Reykjavíkur Apóteks leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa samruna.

IV.

Ákvörðunarorð

„Kaup Haga hf. á 90% eignarhlut í Reykjavíkur Apóteki ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

⁵ Fellt út vegna trúnaðar.

⁶ Fellt út vegna trúnaðar.